

**450. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1,
Tálknafirði, þriðjudaginn 22. janúar 2013 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigpórsdóttir (EIS), Birna Benediktsdóttir (BB), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH) og Ása Jónsdóttir (ÁJ).

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, ritari

Oddviti óskaði eftir athugasemdum við fundarboðun, sem engar voru. Oddviti lýsti fundinn lögmætan.

Dagskrá:

- 1. 1212063 - Fundargerð 90.fundar Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis 14.desember 2012**
Lagt fram til kynningar.
- 2. 1212061 - NAVE fundargerð 78.fundar 30.nóvember 2012**
Lagt fram til kynningar.
- 3. 1301025 - Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerð 802.fundar, miðvikudaginn 12.desember 2012**
Lagt fram til kynningar.
- 4. 1301026 - FV fundargerðir stjórnar 7.jan 2013. Fundargerðir stjórnar BSvest 12.des 2012**
BB kemur til fundar.
Lagt fram til kynningar.
- 5. 1301002F - [Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 73](#)**
Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 6. 1301027 - Ráðning sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps**
Indriði Indriðason hefur verið ráðinn sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps frá og með 4.febrúar 2013 og mun frá þeim degi gegna stöðu framkvæmdarstjóra Tálknafjarðarhrepps sbr. 54.og 55.gr.sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Tálknafjarðarhrepps og er frá ráðningardegi prókúruhafi Tálknafjarðarhrepps.
Undirritaður ráðningarsamningur mun verða lagður fram á næsta fundi hreppsnefndar til staðfestingar. Samþykkt samhljóða.
- 7. 1212062 - Birna S Benediktsdóttir óskar eftir lausn úr embætti varaoddvita**
Bjarnveig Guðbrandsdóttir kjörin varaoddviti.
Birnu þökkuð vel unnin störf.
Samþykkt samhljóða.

8. 1103039 - Borun vinnsluholu í landi Litla-Laugardals

Áætlað var að borun hæfist hér í desember, en vegna ófyrirsjáanlegra tafa af völdum bilana við vinnslu á núverandi verki, gat ekki af því orðið. Því miður liggur ekki fyrir tímasetning verkloka, en strax að því loknu mun borinn koma hingað og hafist verður handa við borun.

Fyrir fundinum liggur viðbót við verksamning sem oddvita er heimilað að undirrita.

Samþykkt samhljóða.

9. 1301024 - Bréf frá formanni Svæðisstjórnar 6 Lilju Magnúsdóttur.

Formanni, fh. svæðisstjórnar 6, Lilju Magnúsdóttur, er þakkað fyrir gott bréf og þarfar ábendingar. Hreppsnefnd tekur heilshugar undir eftirfarandi bókun Bæjarstjórnar Vesturbyggðar:

"Bæjarstjórn Vesturbyggðar óskar eftir skýrum svörum frá Orkubúi Vestfjarða hvernig staðið verði að því að tryggja afhendingaröryggi á rafmagni í sveitarfélaginu. Á þessu svæði er rafmagnsleysi títt og íbúar orðnir langþreyttir á ástandinu. Bæjarstjórn kallar eftir upplýsingum um hvaða áætlanir hafa verið gerðar um að grafa raflínur í jörðu á svæðinu sem og um viðhald og endurnýjun á ljósavélum sem eru á Bíldudal og Patreksfirði.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar krefst þess að Míla og önnur fjarskiptafyrirtæki geri úrbætur á fjarskiptasendum og tryggi að ekki komi til þess fjarskiptaleysis eins og skapaðist í kjölfar óveðursins á milli jóla og nýárs á liðnu ári. Það er ólíðandi að gsm og landlínusamband slái samtímis út í kjölfar rafmagnsleysis, með tilheyrandi óöryggi fyrir íbúa og fyrirtæki sem treysta á fjarskipti sem öryggistæki. Það skal áréttað að fjarskiptaöryggi hefur farið versnandi á síðustu árum á sunnanverðum Vestfjörðum."

Samþykkt samhljóða.

10. 1211108 - Fjórðungssamband Vestfirðinga árgjald vegna umhverfisvottunar og skipan í framkvæmdaráð.

Fyrsti fundur framkvæmdaráðs verður haldinn nk. föstudag, og mun Ásgeir Jónsson mæta fyrir hönd Tálknafjarðarhrepps. Sveitarstjóri, Indriði Indriðason, skipaður af hálfu Tálknafjarðarhrepps.

Samþykkt samhljóða.

11. 1212058 - FV beiðni um tilnefningu í samráðshóp um Sóknaráætlun Vestfjarða.

Sveitarstjóri tilnefndur og oddviti til vara.

Samþykkt samhljóða.

12. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra

Oddviti (EIS) kynnti afskriftir óinnheimtanlegra þing- og sveitasjóðsgjalda, skv. bréfi Sýslumannsins á Patreksfirði dags. 20.12.2012.

Vinna við ársreikning 2012 er á lokastigi, starfsmenn KPMG verða hér í byrjun næstu viku og stefnt er á að taka ársreikning 2012 til fyrri umræðu á fundi hreppsnefndar í febrúar.

13. 1212059 - FSN skólaakstur árið 2012

Lagt fram til kynningar.

14. 1212057 - Matvælastofnun beiðni um umsögn um umsókn Nýskeljar um ræktunarleyfi

Engin umsögn var send.

Lagt fram til kynningar.

15. 1301023 - Náttúrustofa Vestfjarða ársreikningar 2008 og 2009

Lagt fram til kynningar.

16. 1212060 - Skógræktarfélag Íslands ályktun aðalfundar.

Lagt fram til kynningar.

17. 1301020 - Starfsleyfi fyrir Tálknafjarðarskóla.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:25.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____